

Samstarfssamningur milli annars vegar Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ), Tæknifræðingafélags Íslands (TFÍ) og Stéttarfélags verkfræðinga (SV) og hins vegar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Ofantaldir aðilar gera með sér samstarfssamning um leit og framboð á möguleikum til atvinnusköpunar fyrir félagsmenn VFÍ, TFÍ og SV.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands skapar farvegi fyrir nýsköpun og frumkvöðlavinnu:

- Með stuðningi við að móta viðskiptahugmyndir og útfærslu þeirra.
- Með handleiðslu og stuðningi er varðar stoðumhverfi og styrki.
- Með handleiðslu varðandi stofnun og rekstur fyrirtækja.
- Með leiðsögn um mótun á viðskiptasetri fyrir félagsmenn ofantalinna félaga og þátttöku félagsmanna í núverandi setrum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.
- Með því að halda sérstaka kynningarfundir fyrir félagsmenn VFÍ, TFÍ og SV
- Með aðstoð og aðgangi að alþjóðlegum gagnagrunnum á sviði tæknifyrfærslu.
- Með þátttöku í viðskiptasendinefnd á alþjóðlega sýningu og ráðstefnu um viðskiptasérleyfi, en ráðstefnan sem er stærsta sinnar tegundar í heiminum er haldin í Washington DC í mars nk.
- Með aðstoð og leiðsögn vegna doktorsnáms hjá rannsóknarstofnunum og háskólum.

VFÍ, TFÍ og SV leggja til:

- Hvatningu til félagsmanna að taka þátt í starfinu, með stofnun vinnuhópa, nýtingu á tengslaneti og áhugaverðum fundum.
- Upplýsingar um félagsmenn (nafnalista).
- Kynningu samstarfsins á heimasíðu.
- Þátttöku á fræðslu- og vinnufundum.
- Húsnæði fyrir fræðslu- og vinnufundi.

Samningurinn felur ekki í sér kvaðir um bein fjárútlát samningsaðila.
Samningur þessi gildir í 12 mánuði.

Reykjavík, 4. febrúar 2009.

Fyrir hönd Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Sigríður Ingvarsdóttir

Fyrir hönd Verkfræðingafélags Íslands

Jóhanna H. Árnadóttir

Fyrir hönd Tæknifræðingafélags Íslands

Bergþór Þormóðsson

Fyrir hönd Stéttarfélags verkfræðinga

Sveinn V. Árnason